

Davíð Egilson

31. mars 2006

# Efnisyfirlit

- Starfsemi Umhverfisstofnunar
  - Uppbygging
  - Rekstur
  - Helstu kennitölur
- Starfsmenn
- Starfið
  - Nokkrir viðburðir
- Fyrir hvað stöndum við
- Samantekt

# Stjórnkerfið

Ríkisstjórn Íslands

Umhverfisstofnun

Landmælingar Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrurannsóknastöðin við  
Mývatn

Skipulagsstofnun

Umhverfisráðuneytið

Brunamálastofnun

Úrvinnslusjóður

Veðurstofa Íslands

Stofnun Vilhjálms  
Stefánssonar

# Stjórnskipulag umhverfismála


Umhverfisstofnun tengist flestum þáttum stjórnkerfisins



# Stjórnskipulag umhverfismála



# Skipurit Umhverfisstofnunar



## REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2005

(BRÁÐABIRGÐARTÖLUR)

**TEKJUR:** (þús. kr.) **2005** **2004**

Sértekjur	201.199	186.106
Markaðar tekjur	82.418	64.626
Aðrar rekstrartekjur	6.468	7.926
<b>Tekjur samtals</b>	<b>290.085</b>	<b>258.658</b>

### GJÖLD:

Launagjöld og launatengd laun	425.925	405.168
Ferða- og fundarkostnaður	51.985	53.114
Rekstrarvörur	32.962	36.767
Aðkeypt þjónusta	125.859	124.665
Húsnæðiskostnaður	78.321	66.587
Bifreiðakostnaður	6.522	6.534
Tilfærslur	96.159	70.452
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>817.733</b>	<b>763.287</b>

Eignakaup	→ 5.585	29.022
-----------	---------	--------

**Gjöld samtals** **823.318** **792.309**

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) 1.375 1.662

**Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir fjárheimild** **(534.608)** **(535.313)**

Framlag ríkissjóðs 562.700 518.600

**Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins** **28.092** **(16.713)**

### Höfuðstóll í árslok

Fjárheimild flutt frá fyrra ári (17.174) (461)

**Fjárheimild flutt yfir á næsta ár** **10.918** **(17.174)**

Þess ber að geta að uppgjör rekstrarreiknings fyrir árið 2005 eins og það er fram sett sýnir ekki raunsanna mynd af fjárhagsstöðu Umhverfisstofnunar. Sjá skýringar í texta.

Örveru og efna-  
rannsóknir  
Tjaldleiga  
Gestastofa  
Sérfræðivinna

Mengunar-  
eftirlistgjöld

Hreindýr  
Veði kort  
Starfsleyfisúgáfa

Refur og minkur  
Hreindýr  
Veði kort

Framkvæmdir

# Uppgjör UST 2005

Fjárheimild 2005	545.526.316
Bráðabirgðauppgjör 2005_26.02.06	534.609.395
<b>Afgangur fyrir leiðréttingar</b>	<b>10.916.921</b>




--	--




--	--




# Heildargjöld greind á rekstarliði



# Tekjur Umhverfisstofnunar



# Rekstrargjöld



# Starfsmenn

# Starfsmannamál

Starfsmenn í árslok 85

Konur 45



Karlar 40

Meðalaldur 44,7 ár

Starfsmannavelta 8%


Sumarstarfsmenn 44

Þar fyrir utan starfa sjálfboda-  
liðar sem hafa unnið gífurlega  
mikið starf í þjóðgördunum



# Menntun


Skipting menntunar starfsfólks Umhverfisstofnunar í árslok 2005




Um 71 % starfsmanna hafa lokið námi á háskólastigi

Fleiri karlar sem lokið hafa “lengra námi” og aðeins stígandi í menntun hjá þeim


Þróun menntunar starfsfólks Umhverfisstofnunar eftir kyni



# Aldur og jafnræði



Fólki á aldursbilin 40-49 er að fækka hlutfallslega




Það stýttist í jafna stöðu

# Landið vs Höfuðborgin

Aðalaukningin hefur verið á Náttúruverndarsviði

Nánast öll aukningin hefur orðið á landsbyggðinni.

Skipting mannafla aukningar hjá Umhverfisstofnun 2003-2005





# Starfið

# Nokkrir viðburðir 1

- Rjúpnaveiði hófst eftir friðun
- Hvatningarátak um hóflega rjúpnaveiði
- Samantekt um útstreymi þrávirkra lífrænna efna
- Starfsleyfi með olíubirgðastöðvum
- Vátryggingar vegna bráðamengunartjóna
- EMAS
- Leiðbeiningar um endurheimt votlendis
- Norræn matvælaráðstefna

# Nokkrir viðburðir 2

- Vinna við faggildingu varnarefna í matvælum
- PCR greiningar veira í matvælum
- Sannprófun aðferða til að mæla sjúkdómsvaldandi örverur
- Styrkur frá breska sendiráðinu til sjálfbóðaliðasamtakanna
- Styrkir úr Pokasjóði, frá ÁTVR og ferðamálaráði

## LEYFISVEITINGAR, UMSAGNIR OG STARFSLEYFISSKILYRÐI

### LEYFISVEITINGAR

Starfsréttindi – meindýraeyðar: 35  
Starfsréttindi – garðaúðarar: 7  
Dýrahald í atvinnuskyni: 28  
Varp dýpkunarefna: 5

### UMSAGNIR VEGNA LEYFISVEITINGA

Skráningar og undanþágur varnarefna: 67  
Söluleyfi eiturefna og varnarefna: 12  
Leyfi til að kaupa og nota eiturefni: 2  
Leyfi til að kaupa og nota varnarefni: 60  
Leyfi til íblöndunar bætiefna: 15  
Leyfi til notkunar fullyrðinga á umbúðum matvæla: 6  
Leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera: 7  
Leyfi til sleppingar erfðabreyttra lífvera: 1  
Heimildir til innflutnings matvæla sem um gilda sérstakar tímabundnar takmarkanir: 160  
Samþykkt efni til þrifa- og gerileyðingar: 24  
Þingmál: 34

### STARFSLEYFI

Útgefin starfsleyfi vegna fiskeldis: 5  
Útgefin starfsleyfi vegna fiskimjölsverksmiðja: 3  
Útgefin starfsleyfi vegna olíubirgðastöðva: 2  
Útgefið starfsleyfi vegna álvers: 1  
Útgefin starfsleyfi vegna spilliefna: 2  
Útgefið starfsleyfi vegna rafskautaverksmiðju: 1  
Útgefin starfsleyfi vegna sorpurðunar: 2

### ÚTGÁFA SAMRÆMDRA STARFSLEYFISSKILYRÐA

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi og seiðældi á landi  
Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó  
Starfsleyfisskilyrði fyrir meðferð og vinnslu mjólkur


### Yfirlit yfir skil á skýrslum um grænt bókhald

Grænt bókhald	Fyrir árið 2003	Fyrir árið 2004
Bókhaldsskyld starfsemi	47	46
Skiluðu á réttum tíma	34	30
Fengu áminningu	13	16


Fjöldi og skipting erinda sem Umhverfisstofnun bárust á árinu 2005 vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Tegund verkefnis	Tilkynningarskyldar framkvæmdir	Tillögur að matsáætlun	Matsskýrslur	Stjórnsýslukærur
Fjöldi erinda	54	9	5	7

# Fræðslumál



The screenshot shows the UST website in Internet Explorer. The browser address bar shows <http://www.ust.is/>. The website header includes the UST logo and navigation links: [Efst á haugi](#), [Log og reglur](#), [Fræðslufni](#), [Umhverfisstofnun](#), and [Verkefni & dæmni](#). A sidebar on the left contains a calendar for March 2006 and a list of news items. The main content area features a section titled "Nýjasta nýtt" with a sub-heading "Fermingargarðir og ljóvabekkir". Below this, there are sections for "Landvarðanámsskeið", "Staðfestingargjald vegna hreindýravræðileyfa", and "Fyrirlestur um rekstur stórhéðsna með tilrætti til matvælafræðis". A right-hand sidebar lists "UMBOÐNIR OG EYÐUBLÖÐ" and "STARFSLEIFI FYRIRTEKJA". The browser's taskbar at the bottom shows several open applications, including Internet Explorer, Adobe Reader, and a file explorer window.



The screenshot shows the "Heimurinn minn" website in Internet Explorer. The browser address bar shows <http://www.heimurinn.is/>. The website features a large graphic with a sun and a yellow landscape, overlaid with three circular icons labeled "ESSTA STIG", "MIÐSTIG", and "YNGSTA STIG". Below the graphic, the text "Heimurinn minn" is displayed. The browser's taskbar at the bottom shows several open applications, including Internet Explorer, Adobe Reader, and a file explorer window.

# Hvar stöndum við ?

# Átakamál

- Umhverfismál og matvælamál eru í eðli sínu átakamál þar sem verið er að setja starfsemi og einstaklingum skorður til að ná fram markmiðum umhverfis og neytendaverndar.
- Stjórnvöld hafa yfirleitt þrenns konar úrræði á þeirri leið:
  - Lög og reglur
  - Hagræna hvata
  - Fræðslu og upplýsingu
- Þá er bráðnauðsynlegt að hafa einhver viðmið til að
  - meta hugsanlegan kostnað og ávinning **Grunngögn**
  - hvort aðgerðirnar eru að skila árangri **Vöktun**



# Hlutverk Umhverfisstofnunar

- Umhverfisstofnun er stjórnsýslustofnun sem sér um að koma með tillögu um reglusetningu og fylgir henni eftir.
- Stærsti hluti framkvæmdarinnar er
  - Leyfisveitingar
  - Eftirlit
  - Útgáfa kynningarefnis
  - Innsöfnun og greining upplýsinga
  - Samræming eftirlits heilbrigðisumdæmanna
  - Rekstur friðlýstra svæða

- Það fylgir eðli starfsemi sem Umhverfisstofnunar að það hljóta að verða mismunandi skoðanir varðandi **hvaða verkefnum hún á að sinna**, og **hvaða ákvarðanir hún tekur**.
- Dæmi um mismunandi sjónarmið varðandi **hvaða verkefnum** hún á að sinna sem komu fram á síðasta ári eru:
  - Dýraverndarmál, Vistun matvælamála einkum RUST, Framkvæmd eftirlits, Rekstur á friðlýstum svæðum
- Umhverfisstofnun hefur unnið mikla stefnumótunarvinnu til að **undirbyggja ákvarðanir** sínar:
  - Hún er stjórnsýslustofnun sem starfar sjálfstætt eftir lögum og reglum sem marka starf hennar. Hún byggir ákvarðanir á málefnalegum og sjónarmiðum sem eru grundvölluð á bestu fáanlegum upplýsingum.



# Umhverfisstofnun - stefnumörkun - 2006-2020

Mars 2006



## Verklag við útfærslu stefnumótunarinnar

### Leiðarljós

Umhverfisstofnun þarf oft að taka ákvarðanir sem byggja ekki eingöngu á staðreyndum heldur einnig á huglægu mati. Við slíkar ákvarðanir, sem og í allri starfsemi stofnunarinnar, eru eftirfarandi leiðarljós höfð sem viðmið.

1. Sjálfbær þróun er grundvöllur búsetu á Íslandi, þ.m.t. sjálfbær nýting auðlinda og sjálfbær framleiðsla.
2. Öryggi og heilsa fólks er forgangsmál þegar áhætta er metin og ákvarðanir teknar um viðbrögð við hættu.
3. Tekið er tillit til áhrifa á umhverfi og eignir fólks þegar áhætta er metin og ákvarðanir um aðgerðir eru teknar.
4. Heiðarleiki og opin stjórnsýsla eru í hávegum höfð í samskiptum.
5. Tekið er mið af stefnu stjórnvalda og samræmingar gætt við ákvarðanir og afgreiðslu mála á hinum ýmsu sviðum.
6. Ákvarðanir eru byggðar á nýjustu vísindapekkingu og verkefnum forgangsraðað í samræmi við þá þekkingu.

### Vinnulag

Umhverfisstofnun fylgir eftirfarandi viðmiðum um vinnulag hvað varðar ábyrgð, samstarf og upplýsingagjöf.

### Ábyrgð

1. Lögum og reglum skal fylgt eftir og unnið að því að þeir sem reglurnar beinist að axli ábyrgð og virði þær.
2. Áhersla skal lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir fremur en laga það sem úrskæðis fer.

### Samstarf

3. Skilgreining á verkefnum og forgangsröðun þeirra verður gerð í samvinnu við umhverfisráðuneytið. Forgangsröðun tekur mið af hlutverki stofnunarinnar, ástandi umhverfismála, stefnu stjórnvalda hverju sinni og fjárveitinga til stofnunarinnar.
4. Samstarf verður einnig haft við aðra um hvornig best sé að vinna að markmiðum umhverfisverndar.
5. Hagsmunna Íslands skal gætt í alþjóðasamstarfi.

# EES reglurnar


- Reglurnar sem koma frá Evrópusambandinu miða alla jafna við að meta þurfi áhættu og ávinning af reglusetningunni
- Þátttakan í samningnum um evrópska efnahagssvæðið hefur mótað alla stjórnarsýslu í málaflokknum hér á landi og í raun valdið algjörum straumhvörfum

# Evrópusamstarfið

Það lætur nærri að Umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun sjái um 40% af fjölda þeirra skuldbindinga sem fylgja EES samstarfinu.

Á síðasta ári voru innleiddar 49 Evrópugerðir. Margar þeirra eru smáar og kosta litla vinnu í framkvæmd, meðan aðrar eru gífurlega mannafla- og kostnaðarfrekar.


EB gerðir sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn 1993-2005



# Lög er varða starfsemi Umhverfisstofnunar

Starf Umhverfisstofnunar er  
markað af **9 meginlögum eða lagabálkum**


- nr 90/2002 um Umhverfisstofnun
- nr 44/1999 um náttúruvernd
- nr 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni
- nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- nr 15/1994 um dýravernd
- nr 93/1995 um matvæli
- nr 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
- nr 55/2003 um meðferð úrgangs




•Alls er hlutverks Umhverfisstofnunnar getið í 39 lögum

Væntanlega eru fáar eða nokkrar opinberar stofnanir sem hafa jafn víðfemt hlutverk

### Reglugerðir og reglugerðarígildi sem kveða á um hlutverk UST




### Uppsafnaður fjöldi reglugerða og reglugerðarígilda er varðar UST





### Reglugerðir er varða UST



Hinn gífurlegi vöxtur í kvöðum sem koma frá evrópusamstarfinu hefur mikið til yfirskyggt annað starf stofnunarinnar er snýr að öðrum þáttum en náttúruvernd og veiðistjórn.

Þegar við bætast árlega um 20 reglugerðir (fyrir utan það sem er brottfelld) með kröfum um tiltekna vinnu án þess að fjármunir fylgi – leiðir það til þess að annað starf verður að láta undan.

Vandinn snýr bæði að vinnu við að innleiða gerðirnar, en ekki síður hitt og í mjög vaxandi mæli að sjá til þess að kvaðirnar séu framkvæmdar.

Aðgangur að markaði, krefst þess að þetta gjald sé greitt, en samhliða því er ávinningur neytenda, umhverfisins og raunar atvinnulífsins líka verulegur.

Ég hef litið á hina erfiðu stöðu varðandi framkvæmd skuldbindinganna sem sameiginlegt verkefni Umhverfisstofnunar, Umhverfisráðuneytisins og raunar allrar stjórnslunnar.

Svigrúm Umhverfisstofnunar til að bæta á sig nýjum verkefnum er hins vegar horfið og af þeim sökum hefur hún, í samráði við Umhverfisráðuneytið, óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að gerð verði stjórnsluúttekt á starfi hennar

# Hvers vegna allt þetta regluverk ?

- Hið frjálsa hagkerfi þar sem ríkisvaldið hefur dregið sig mikið til út úr atvinnurekstri gerir það að verkum að setja þarf nákvæmar leikreglur.
- Margir kvarta yfir reglufargani. Hins vegar leiða rannsóknir í ljós að fyrirtæki sem starfa í löndum með stranga umhverfisstaðla eru oft fjárhagslega betur stödd en önnur. Yfirleitt er regluverkið þar
  - Gagnsætt
  - Sanngjarnt
  - Byggt á áhættumati ss ástæða fyrir reglunum
  - Hvati til nýsköpunar

# Prag yfirlýsingin

2

Aths þýð: Reglun stendur fyrir enska orðið regulatng sem á við reglusetningu, reglustýringu, framkvæmd og eftirfylgni.

---

## Samantekt

Grein þessi fjallar um þau atriði sem benda til þess að umhverfisreglun<sup>2</sup> hafi þýðingu fyrir samkeppnishæfni í tengslum við þá áherslu sem ESB leggur nú á hagvöxt og atvinnusköpun. Niðurstaðan er sú að nútímalegar aðferðir við setningu og eftirfylgd regla geti:

- dregið úr kostnaði í iðnaði og á viðskiptasviðinu.
- skapað markaði fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu.
- knúið áfram nýsköpun
- dregið úr viðskiptaáhættu og aukið traust fjárfestingarmarkaða og tryggingafélaga.
- aukið samkeppnishæfni og styrkt samkeppnismarkaði.
- skapað störf og viðhaldið þeim.
- bætt heilsu starfsmanna og alls almennings.
- verndað auðlindir náttúrunnar sem viðskiptalífið og velferð okkar byggist á.

Niðurstaða okkar er sú að alþjóðlegar rannsóknir sýni, svo að ekki verði um villst, að skynsamleg stjórnun og regluverk í umhverfismálum hindri ekki samkeppnishæfni og hagvöxt þegar á heildina er litið.

Tenglanet forstjóra evrópskra umhverfisstofnana sendir frá sér þessa samantekt og er hún framlag þeirra til þeirrar umræðu sem nú á sér stað.

# Samantekt um regluverkið

- Gífurlegur fjöldi regla hefur verið innleiddur.
  - Hluti reglana snýr að atvinnulífinu og sveitarfélögum
  - Hluti þeirra eru skuldbindingar á ríkisvaldið sem Umhverfisstofnun er falið að framkvæma. Þar er einkum um að ræða: Innsöfnun gagna , greiningu á ástandi, kröfa um vöktun og upplýsingu til almennings
- Það skortir mjög á að fjármagn hafi fylgt til að framkvæma þær skuldbindingar sem búið er að fallast á og fela Umhverfisstofnun
- Það verður áskorun stjórnvalda að koma málum á þann veg að slíkt náist.

# Hvernig á að mæla árangur

## ÚTGÁFA UMHVERFISVÍSA HJÁ UMHVERFISSTOFNUN

Hjá Umhverfisstofnun er í undirbúningi endurútgáfa liðlega 40 svokallaðra umhverfisvísa. Umhverfisvísarnir eru valdir með það í huga að þeir lýsi t.d. ástandi í umhverfi, manngerðum áhrifum í umhverfinu eða umhverfisþáttum sem hafi áhrif á heilsu manna eða öryggi matvæla. Þeir byggja á gögnum sem safnað er innan stofnunarinnar eða sem eru fengin frá öðrum stofnunum eða vísindamönnum. Hér má sjá dæmi úr safni umhverfisvísa sem eru í vinnslu hjá stofnuninni.

### UMHVERFISVÍSIR - DÆMI 1

Vansköpun í nákuðungi af völdum *tribútiltin* (TBT).


*Tribútiltin* (TBT) er lífrænt tinsamband sem mikið hefur verið notað í botn-málningu skipa. Efninu er ætlað að koma í veg fyrir að þörungar og dýr setjist á botn skipanna og dragi úr ferð þeirra. Efnid var gifurlega vinsælt í upphafi en síðar hefur komið í ljós að TBT hefur margvísleg óæskileg áhrif á umhverfið þar sem það er ákaflega eitrað og veldur vansköpun eða vanþroska hjá mörgum lífverum. Vandamálið hefur verið þekkt allt frá 8. áratug síðustu aldar og hér við land hefur notkun TBT verið bönnuð frá 1990 á skipum styttri en 25 m. Árið 2005 tók bannið til allra skipa. Á efri myndinni, sem sýnir ástand mála á Vestfjörðum, eru gildin í upphafi lægri og þar eru breytingar til batnaðar hraðar, sennilega vegna þess að þar er minna um kaupskip lengri en 25 m samanborið við ástandið í Reykjavík, þar er meiri umferð kaupskipa lengri en 25 m. (upplýsingar frá Kötlu Jörundsóttur, Jörundi Svavarssyni og Kenneth M.Y. Leung).

### UMHVERFISVÍSIR - DÆMI 2


Kvikasilfur í þorski á Íslandsmiðum.

Myndin sýnir meðalstyrk kvikasilfurs í þorski á Íslandsmiðum frá árinu 1990. Leitni til lækkunar á kvikasilfri sem myndin virðist sýna byggir að mestu á hárrí mælingu í byrjun sem gæti skýrst af mæliskekkju. Myndin sýnir styrk kvikasilfurs í holdi þorsks sem er sá vefur sem er aðallega nýttur til manneldis. Niðurstöðurnar sýna lág gildi, enda eru viðmiðunarmörk fyrir kvikasilfur í fiskmeti 500 mikrógrömm kvikasilfur per kíló (upplýsingar frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins).


Vansköpun í nákuðungi á Vestfjörðum



Vansköpun í nákuðungi við Reykjavík




Kvikasilfur í þorski á Íslandsmiðum





# DPSIR líkanið




# Dæmi um umhverfisvísa

## Stofnstærð hreindýra


Árlega er stærð íslenskra hreindýrastofnsins metin. Framkvæmd er vetrar- og sumartalning á dýrum og út frá þeim áætluð stærð heildarstofnsins. Stofnstærðinni er stjórnað með því að heimila takmarkaðar veiðar.

Ekki eru til nein opinber mörkið um hver stærð hreindýrastofnsins eigi að vera. Kvóti á hversu mörg dýr má veiða á ári er miðaður við að halda stofninum stöðugum á bilinu 3500-4000 dýr og nýta hann á sjálfbærán hátt.



Myndin sýnir yfirlit yfir áætlaða stofnstærð hreindýra á Íslandi frá 1970. Eins og sjá má hefur stofnin lengi haldist í kringum 3000-4000 dýr. Breytingarnar á fjölda milli ára útskýrast að nokkru leyti af misvel heppnuðum talningum. Fækkunin sem verður eftir 1991 og fram til 1996 er vegna aukinna veiðiheimilda til að ná stofninum niður í 2500 dýr. Þetta var gert vegna skógræktarskemma sem höfðu orðið af þeirra völdum. Fjöldinn hefur síðan vaxið nokkuð jafnt og er nú orðinn vel yfir 4000 dýr. Síðustu ár hafa vetur verið mildir og dánartíðni í kjölfarið verið nokkuð lægri en í meðalári. Einnig er líklegt að frjósemi sé meiri í góðu tíðarfari. Af þessu leiðir að hreindýrunum hefur fjölgað nokkuð síðustu ár þrátt fyrir háan kvóta. Ef áhræði heldur áfram að vera milt er líklegt að hækka þurfi kvótann enn frekar.


Gögn er frá Rán Þórarinsdóttur á Náttúrustofu Austurlands.



## Útstreymi þrávirkra lífræna efna - PAH

Fjölhringa lífræn efnasambönd eða polyaromatic hydrocarbons (PAH) eru krabbameinsvaldandi efni sem myndast við ófullkominn bruna á lífrænu efni. Sýndar eru helstu uppsprettur PAH og hvernig losun þessara efna hefur þróast síðan 1990.

Ísland er aðili að Genfarsamningnum um loftmengun sem berst langar leiðir þar sem kveðið er á um að beita skuli bestu fánlegri tækni til þess að draga úr og takmarka losun PAH efna. Ákvæði eru um hámarks magn PAH í neyslutvati og takmarkaður hefur verið innflutningur á ölluflúli sem innihélt verulegt magn af PAH.



Helstu uppsprettur PAH á Íslandi eru framleiðsla á kisljámri og áli. Vegna framleiðsluaukningar í þessum greinum nær tvöfaldaðist losun á PAH frá árinu 1996 til ársins 2003. Álver í starfrækslu erlendis sem byggja á s.k. Söderberg tækni eru þekkt fyrir mikla losun PAH. Álver á Íslandi beita bestu fánlegri tækni m.t.t. losunar PAH með notkun forbakaðra rafskauta.

Helsta leið PAH efna í fólk er með matnum, en inntaka gegnum lungu er einnig veruleg hjá reykingsfólki. Almenn koma PAH úr kornvörum, grænmeti, matarolíum og -fitum, sem eru matvæli sem neytt er í miklu magni. Reyktur og grillaður matur inniheldur mest af PAH sem skiptir máli hjá einstaklingum sem neyta þessara matvæla í töluverðum mæli.

Umhverfisstofnun aflar gagna um losun mengandi efna frá starfsemi á Íslandi. Í þeim tilfellum að gögn skortir er losun áætluð með hjálp losunarstuðla sem fengin eru með mælingum eða faglegu mati á viðkomandi starfsemi. Ákveðið var í Evrópusambandinu, árið 2004, að setja hámarks gjöldi fyrir magn PAH í matvællum. Hægt er að sækja sérfræðiskýrslu ráðsins á Netið: [http://europa.eu.int/comm/food/food/chemicalsafety/contaminants/out153\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/food/food/chemicalsafety/contaminants/out153_en.pdf)

# Áriðandi skammtímaverkefni

- Akstur utan vega **Í ferli**
- Auglýsingar meðfram vegum **Lítið gerst frá 2004**
- Hlutlæg viðmið varðandi landslagmál **Lítið gerst frá 2004**
- Varnarefnamælingar **Vinnu við eggur og í fullu gangi**
- Verki **Engu verki lauk endanlega**
- Stofnmatvælingum **þarf að taka þessu tak**
- Fæðubótaefni **Í ferli en þarf að bæta verulega í**
- Stofnmat á villtar tegundir
- Verklag varðandi riðusmitaðan úrgang og fuglaflensu í samvinnu við YD **Í ferli**

# Brennandi viðfangsefni til lengri tíma

1. **Rekstur þjóðgarðanna** -- að meðtöldu Mývatni -- þyrfti að komast í viðunandi horf  
**Grunnur þjóðgarðana í Jökulsárgljúfrum og Snæfellsnesi var styrktur. Gestastofa er að opnast á Mývatni**
2. **Náttúruverndaráætlun ásamt verndaráætlun Mývatns** komi til framkvæmda  
**Búið að friðlýsa Guðlaugstungur og önnur verkefni eru í ferli**
3. Komið verði lag á **Dýraverndarmálin** – og framkvæmdin síðan færð út í hérað  
**Mikil vinna hefur farið í samhæfingu og gerð verklagsregla**
4. **Tjón** að völdum **villtra dýra** verði kortlagt og aðgerðir ákveðnar í framhaldi af því  
**Ákveðið að fara í átak varðandi minkinn**

# Brennandi viðfangsefni til lengri tíma

## 5. Fæðubótaefnin í viðunandi horf

**Mikið verið unnið í málaflokknum en verulega skortir á að nóg sé gert. Vantar frekari kynningu og aukið eftirlit.**

## 6. Gagnagrunnar varðandi LUK, stjórnsýslu og eftirlitsverkefni UST

## 7. Sæfiefnin

## 8. Innleiðing REACH efnalöggjafarinnar

## 9. Framkvæmd rammatilskipunar um vatn

# Brennandi viðfangsefni til lengri tíma 2

9. **Samræming og samþætting eftirlits UST og HES**
10. Starfsemi er snýr að **vörnum gegn mengun hafsins** verði styrkt
11. Yfirlit um stöðu þekkingar á

## **Loftgæðum**

**Vatnsgæðum** (Rammatilskipunin um vatn)

## **Jarðvegsgæðum**

12. Neyslukannanir **og vöktun á efnainnihaldi á markaði**
13. Bæta úr **skorti á grunnupplýsingum** um náttúrufar vegna MAU
14. Útgáfa **umhverfisvísa** **Fyrsta útgáfa komin út en halda verður vinnunni áfram**

# Umhverfið

Vægi málaflokksins hefur aukist verulega á undanförunum árum.

- **EES samningurinn** breytti þar miklu enda gengust stjórnöld undir skuldbindingar Evrópusambandsins hvað varðar mengunar-, neytendamál og hluta af umhverfislöggjöfinni
- **Umhverfisráðuneytið** er með **40 %** af öllum þessum skuldbindingum
- Evrópulöggjöfin **byggir á aðstæðum og þekkingu innan þjóðlanda Evrópu Vestur** sem voru um margt komnar verulega lengra en við
- **Kostar mikla fjármuni** og átak að öðlast **grunnþekkingu** á ástandinu og **framkvæma** hlutina í samræmi við skuldbindingarnar

Þetta hefur verið vandamál umhverfis- og matvælamála

# Áskoranir komandi ára

- Þungur fjárhagur
- Þörf á betri þekkingu á grunnástandi
- Spenna hvar eigi að vista verkefni í stjórnarsýslunni;
  - Matvælamálin, RUST, Vatnajökulspjóðgarður
- Líkur á aukinni spennu milli nýtingarsjónarmiða og verndunarsjónarmiða varðandi orkuöflun
  - Háhitinn, opnun lítt raskaðra svæða
- Líta til hagrænna hvata og umhverfismerkinga



# Áskoranir UST

- Þrenns konar áskoranir
  - Kvaðir sem koma “sjálfvirkt” í gegnum EEA kerfið
  - Aukning í aðsókn að helstu náttúruperlum landsins samfara miklum ágangi
  - Skortur á grunnupplýsingum til að geta tekið vel grundaðar ákvarðanir sem byggja á áhættumati

# Sameiginlegar áskoranir

- Frá því að Umhverfisstofnun var mynduð hafa komið
  - verulegir fjármunir til uppbyggingar og reksturs friðlýstra svæða. Hins vegar er viðfangsefnið gífurlegt
  - Talsverðir fjármunir hafa komið vegna veiðistjórnunarmála, einkanlega áttak vegna minksins
  - Sáralitlir fjármunir til innleiðingar eða framkvæmdar á Evrópuskuldbindingum.
- Það verður væntanlega sameiginleg áskorun stofnunar og ráðuneytis að fara yfir ábendingar Ríkisendurskoðunar þegar þær liggja fyrir og finna þeim farveg, hvort sem þær snúa að betra verklagi innan stofnunar eða að það þurfi að koma til aukinna fjárveitinga.

- Þakka fyrir áheyrnina